# KNATTSPYRNUMÓT KSÍ

## ÞÁTTTÖKUTILKYNNING 2019

**Þátttaka tilkynnist fyrir 10 janúar**

| | |
|---|---|
| **Félag** | |
| **Símanúmer** | |
| **Faxnúmer** | |
| **Tölvupóstfang** | |
| **Heimasíða** | ***www.*** |

| | | |
|---|---|---|
| Formaður | | |
| Símanúmer | Netfang: | GSM: |

| | | |
|---|---|---|
| Framkvæmdastjóri | | |
| Símanúmer | Netfang: | GSM: |

**Nákvæmar upplýsingar um stjórn og starfsmenn ber að senda á þar til gerðu eyðublaði til KSÍ á netfangið gulli@ksi.is**

### Aðalbúningur félags (Litir)

| | |
|---|---|
| Treyja | |
| Stuttbuxur | |
| Sokkar | |

### Varabúningur félags (Litir)

| | |
|---|---|
| Treyja | |
| Stuttbuxur | |
| Sokkar | |

### Heimavöllur félags I (keppnisvöllur í meistaraflokki)

| | |
|---|---|
| Heiti | |
| Gerð | |
| Sími | |

### Heimavöllur félags II (leikvöllur félags í meistaraflokki ef aðalvöllur er ekki leikfær)

| | |
|---|---|
| Heiti | |
| Gerð | |
| Sími | |

### Heimavöllur félags III

| | |
|---|---|
| Heiti | |
| Gerð | |
| Sími | |

# MEISTARAFLOKKUR 2019

## *MEISTARAFLOKKUR KARLA*

☐ **Íslandsmót**

| | |
|---|---|
| **Ferðaþátttökugjald** | **75.000 kr.** |
| **Jöfnunarsjóðsgjald v/ dómgæslu í Pepsi-deild karla (11 x 40.000)** | **440.000 kr.** |
| **Jöfnunarsjóðsgjald v/ dómgæslu í Inkasso-deild karla (11 x 40.000)** | **440.000 kr.** |
| **Jöfnunarsjóðsgjald v/ dómgæslu í 2. deild (11 x 40.000)** | **440.000 kr.** |
| **Jöfnunarsjóðsgjald v/ dómgæslu í 3. deild (11 x 40.000)** | **440.000 kr.** |
| **Ekki innheimt jöfnunarsjóðsgjald í 4.deild karla** | |

☐ **Mjólkurbikarinn**

## *MEISTARAFLOKKUR KVENNA*

☐ **Íslandsmót**

| | |
|---|---|
| **Ferðaþátttökugjald** | **75.000 kr.*** |
| **Jöfnunarsjóðsgjald v/ dómgæslu í Pepsi-deild kvenna (9 x 40.000)** | **360.000 kr.** |
| **Jöfnunarsjóðsgjald v/ dómgæslu í Inkasso-deild kvenna (9 x 40.000)** | **360.000 kr.** |
| **Ekki innheimt jöfnunarsjóðsgjald í 2. deild kvenna** | |

☐ **Mjólkurbikarinn**

**I - Alls kr.** ____________

### Nokkrar skyldur félaga vegna þátttöku í mótum í meistaraflokki karla og kvenna

**Ný félög í meistaraflokki – Sérstök skilyrði**
Ný félög sem hefja keppni í meistaraflokki 2019 og félög sem ekki hafa tekið þátt í keppni meistaraflokks síðustu þrjú keppnistímabil, ber að leggja fram með þátttökutilkynningu þessari eftirfarandi viðbótargögn:

- Staðfestingu frá ÍSÍ um stofnun félagsins – á við um ný félög.
- Staðfestingu aðalstjórnar félagsins um heimild til þátttöku.
- Staðfestingu viðkomandi vallaryfirvalda um heimild til afnota af leikvelli.
- Leikmannalista – Lágmark 25 leikmenn.

**Jöfnunarsjóður vegna ferða- og uppihaldskostnaðar dómara**
Í fjórum efstu deildum karla, Pepsi-deild kvenna og 1. deild kvenna skal heimalið greiða gjald af hverjum leik í sérstakan sjóð til að standa undir ferða- og uppihaldskostnaði dómara í viðkomandi deildum. Ákveðið hefur verið að árið 2019 verði gjald þetta kr. 40.000. Félögum í þessum deildum ber að greiða þetta gjald eigi síðar en 30. apríl. Í 4. deild karla, 2. deild kvenna og í leikjum Mjólkurbikarsins leggur dómari fram reikning fyrir ferða- og uppihaldskostnaði og skal heimalið greiða dómaranum reikninginn fyrir leikinn. Laun dómara vegna leikja í meistaraflokki eru greidd af KSÍ.
Stjórn KSÍ hefur samþykkt að árið 2019 greiðist ofangreindur kostnaður vegna dómgæslu í meistaraflokki af KSÍ, með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar.

**Ábyrgð á dómgæslu**
KSÍ ber ábyrgð á niðurröðun dómara og aðstoðardómara í Íslandsmóti og bikarkeppni meistaraflokka með þeirri undantekningu að í 1. deild kvenna, 3. deild karla og riðlakeppni 4. deildar karla og 2. deildar kvenna getur farið svo að heimalið þurfi að leggja til aðstoðardómara í einstaka leiki. Þetta á við þegar skrifstofa KSÍ nær ekki að manna aðstoðardómara.

**Ferðakostnaður - Ferðaþátttökugjald**
Almennt greiða félög sjálf sinn ferðakostnað, en félag sem ferðast til leiks í Mjólkurbikarnum skal leggja fram reikning vegna ferðakostnaðar (en ekki uppihaldskostnaðar) fyrir allt að 22 sem greiðist jafnt af báðum aðilum. Aðkomulið skal gæta hagkvæmni í ferðakostnaði og getur ferðakostnaður aldrei numið hærri upphæð en sem nemur fargjaldi frá viðurkenndu rútufyrirtæki og/eða kostnaði við siglingu á umræddri leið. Sé ferðakostnaður hærri skal aðkomulið bera kostnað af mismun.
Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks ber að greiða ferðaþátttökugjald til KSÍ samkvæmt reglugerð þar um. Tilgangurinn er að auka jöfnuð félaga gagnvart ferðakostnaði. Greitt er til félaga í tvennu lagi, þ.e. eftir fyrri og seinni hluta mótsins.

# AÐRIR FLOKKAR 2019

Tilgreinið fjölda liða sem skráð eru til leiks í reitinn fyrir framan viðkomandi mótaflokk.

***Eldri flokkur karla***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 7 manna lið 30 ára og eldri (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 7 manna lið 40 ára og eldri (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 7 manna lið 50 ára og eldri (Svæðakeppni) |

***2. flokkur karla***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót (Jöfnunarsjóðsgjald í A og B deild er áætlað kr. 170.000.-) |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - B lið (Svæðakeppni) |
| | Bikarkeppni |

***3. flokkur karla***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 11 manna lið |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - B lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - C lið (Svæðakeppni) |
| | Bikarkeppni - 11 manna lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 7 manna lið (Svæðakeppni) |

***4. flokkur karla***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 11 manna lið - A lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - B lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - C lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 7 manna lið (Svæðakeppni) |

***5. flokkur karla***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 7 manna lið (Svæðakeppni) |
| | ☐ *A-lið* ☐ *B-lið* ☐ *C-lið* ☐ *D-lið* |

***6. flokkur karla (leikið í 5 manna liðum)***

| | |
|---|---|
| | Pollamót - 5 manna lið (Svæðakeppni) |
| | ☐ *A-lið* ☐ *B-lið* ☐ *C-lið* ☐ *D-lið* |

***2. flokkur kvenna***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót (Jöfnunarsjóðsgjald í A og B deild er áætlað kr. 140.000.-) |
| | Bikarkeppni |
| | Íslandsmót - 7 manna lið (Svæðakeppni) |

***3. flokkur kvenna***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 11 manna lið |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - B lið (Svæðakeppni) |
| | Bikarkeppni (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 7 manna lið - Lið (Svæðakeppni) |

***4. flokkur kvenna***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 11 manna lið - A lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 11 manna lið - B lið (Svæðakeppni) |
| | Íslandsmót - 7 manna lið (Svæðakeppni) |

***5. flokkur kvenna***

| | |
|---|---|
| | Íslandsmót - 7 manna lið (Svæðakeppni) |
| | ☐ *A-lið* ☐ *B-lið* ☐ *C-lið* ☐ *D-lið* |

***6. flokkur kvenna (leikið í 5 manna liðum)***

| | |
|---|---|
| | Hnátumót - 5 manna lið (Svæðakeppni) |
| | ☐ *A-lið* ☐ *B-lið* ☐ *C-lið* ☐ *D-lið* |

## Dómgæsla og ferðakostnaður

- **Ábyrgð á dómgæslu**
  Í ofangreindum flokkum (riðlakeppni) ber heimalið ábyrgð á dómgæslu með þeirri undantekningu að í A og B deild 2. flokks og frá og með 8-liða úrslitum í bikarkeppni 2. flokks, mun KSÍ sjá um að tilnefna dómara og innheimta gjald í jöfnunarsjóð til að standa straum að þeim kostnaði. Sérstaklega er vakin athygli á því að það er skylda að hafa aðstoðardómara með tilskilin réttindi á leikjum 2. flokks karla og kvenna.

- **Ferðakostnaður**
  Almennt greiða félög sjálf sinn ferðakostnað en félag sem ferðast til leiks í bikarkeppni 2. flokks karla og kvenna skal leggja fram reikning vegna ferðakostnaðar (en ekki uppihaldskostnaðar) fyrir 18 manns sem greiðist jafnt af báðum aðilum. Minnt er á að notuð séu hagkvæmustu fargjöld þegar ferðalög eru skipulögð.

# UPPLÝSINGAR

- **Leikdagar og leiktími**
  Félögum er bent á að koma séróskum sínum um leikdaga og leiktíma vegna niðurröðunar leikja skriflega (tölvupóstur birkir@ksi.is) til mótanefndar fyrir 10. janúar. Þetta á sérstaklega við um heimaleiki félaga en einnig ef félag er með sér óskir um leikdaga þar sem ferðast er milli landshluta. Mótanefnd reynir að verða við óskum félaga. Því fyrr sem þær koma fram, því auðveldara er að verða við þeim.

- **Flutningur liðs milli riðla**
  Mótanefnd er heimilt að færa lið niður um riðil í yngri flokkum berist henni rökstudd ósk um það frá stjórn hlutaðeigandi félags til mótanefndar fyrir 10. janúar.

- **Utanferðir félaga**
  Félög eru beðin um að senda mótanefnd eins fljótt og kostur er upplýsingar um utanferðir jafnvel þó að dagsetningar hafi ekki verið endanlega ákveðnar. Gildir þá einu hvenær árs þessar ferðir eru farnar eða hvaða flokkur á í hlut.

- **Búnaður knattspyrnuliða (auglýsingar og litir)**
  Félögum er bent á að gæta þess að stærð og gerð auglýsinga og aðrar merkingar séu samkvæmt reglugerð um búnað knattspyrnuliða sem er að finna á vef KSÍ. Af gefnu tilefni skal félögum bent á að litir varakeppnisbúnings skulu vera vel aðgreinanlegir frá litum aðalkeppnisbúnings. Í þessu sambandi er nauðsynlegt fyrir félög að kynna sér liti keppnisbúnings mótherja sinna þannig að nýtist aðalbúningur ekki gegn þeim, þá geri varabúningur það.

- **Vandið skráningar - Sektir**
  Undanfarin ár hafa vandræði skapast vegna ónákvæmra skráninga, þ.e. lið hafa verið skráð í mót sem síðan hafa verið skráð úr móti í upphafi þess eða á miðju tímabili. Þetta skapar ekki eingöngu vandræði fyrir mótherja og mótanefnd KSÍ heldur er kostnaðarsamt fyrir viðkomandi félög. Sekt fyrir að hætta þátttöku fyrir 10. apríl er kr. 20.000 í meistaraflokki og kr. 10.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. 75.000 í meistaraflokki og kr. 30.000 í öðrum flokkum. Ef lið hættir í móti eftir upphaf þess eða er vísað úr móti fyrir að mæta ekki í tvo leiki eru sambærilegar sektir kr. 150.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum flokkum. Lið sem hættir þátttöku í móti getur átt von á því að verða krafið skaðabóta vegna útlagðs kostnaðar af þeim félögum sem það hefur þegar leikið við. Nánari upplýsingar um sektir er að finna á vef KSÍ í reglugerð um knattspyrnumót.
  ***Kannið grundvöll skráningar áður en lið er skráð til keppni !***

## STAÐFESTING Á ÞÁTTTÖKU 2019

Þátttökutilkynningar verða ekki teknar til greina nema með fylgi uppgjör á ógreiddum skuldum fyrra árs við KSÍ. Ef greitt er í banka skal senda afrit af greiðslukvittuninni með. Banki og reikningur er 101-26-700400 og kennitala KSÍ er 700169-3679.

**Við undirritaðir staðfestum þátttökutilkynningu þessa og höfum kynnt okkur innihald hennar. Jafnframt staðfestum við að félagið hefur kynnt sér og mun virða, lög, reglugerðir og ákvarðanir KSÍ, m.a. að ágreiningur sem upp kann að koma milli aðila innan hreyfingarinnar verði til lykta leiddur innan hreyfingarinnar eins og kemur fram í grein 39 í lögum KSÍ og grein 47 í leyfisreglugerð KSÍ. Þá staðfestum við einnig að félaginu beri að sjá til þess að leikmenn og aðrir félagsmenn virði lög, reglugerðir og ákvarðanir KSÍ.**

________________________________
*Dagsetning*

________________________________ ________________________________
***Undirskrift formanns*** ***Undirskrift framkvæmdastjóra***

**Félög skulu senda KSÍ undirritað eintak af þátttökutilkynningu þessari fyrir 10. janúar á netfangið birkir@ksi.is. Einnig má senda þátttökutilkynninguna í almennum pósti:**

**KSÍ**
**Laugardalsvelli**
**104 Reykjavík**